

## 8. gr.

Atriði, sem varða meðferð og notkun rotvarnarefna og ekki eru ákvæði um í reglugerð þessari eða fyrirmælum, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins setur samkvæmt henni, skal bera undir úrskurð Rannsóknastofnunarinnar.

## 9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari eða fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt henni varða sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarvörum, til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1966, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 30. desember 1965.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

**REGLUGERÐ**

**um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1966.**

Árið 1966 skulu iðgjöld samkvæmt 26. og 28. gr. almannatryggingalaga nr. 40/1963 vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 26. gr. l. nr. 40/1963:
 

a. Hjón .....	kr. 3 850.00
b. Karlar .....	— 3 500.00
c. Konur .....	— 2 625.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 28. gr. l. nr. 40/1963:
 

Fyrir hverja vinnuviku .....	— 28.00
------------------------------	---------
3. Í janúar 1966 skal greiða upp í iðgjöld samkv. 26. gr. sem hér segir:
 

a. Hjón og karlar .....	— 2 000.00
b. Konur .....	— 1 400.00

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1965.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*